

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt þann 18. desember 2003 nýtt deiliskipulag við Lækjarbrún, Hveragerði.

Deiliskipulagsuppráttur og tilheyrandi greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Hveragerði, 25. nóvember 2004.

Guðmundur F. Baldursson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ, Reykjavíkurvegi 45 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ, Reykjavíkurvegi 45 í Hafnarfirði. Breytingin felst í nýjum skipulagsskilmálum fyrir lóðina Hrauntungu 1, stækkun lóðarinnar Reykjavíkurvegur 45, byggingarreit fyrir bílskúr á lóðinni Norðurbraut 41 og breytingu á götukassa Hraunbrúnar á milli Hrauntungu og Norðurbrautar. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 29. nóvember 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

að Austurbyggð, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Mjóafjarðarhreppur og Fáskrúðsfjarðarhreppur myndi eina almannavarnanefnd og hafi þannig samstarf um almannavarnir á svæðinu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. nóvember 2004.

Björn Bjarnason.

Jón Þór Ólason.